

**TÓMSTUNDIR**

FYRIR VEIÐIMENN



**SPORTBÚÐ TÍTAN**  
SKOTVEIÐAR, ÚTIVIST & KAJAKAR



**Geltstoppari**  
**9900.-**

SPORTBUD@SPORTBUD.IS  
WWW.SPORTBUD.IS  
KRÓKHÁLSI 56 - 110 REYKJAVÍK - Sími 678810

**BÍLAR OG FARARTÆKI**

BÍLAR TIL SÖLU



**Nýr 2006 Honda Civic Si Coupe.**  
2,0 L 6 gíra, 197 hö. sportbíll.  
Með sportsætum, glerþopplúgu,  
"17 álfelgum, spoiler á skottloki ofl.  
Verð: 3.114 Þús.

Sparibíll ehf.  
Skúlagötu 17, 101 Rvk.  
Opíð 12 - 18 virka daga.  
☎ 5773344 www.sparibill.is

**FJÓRHJÓL**



**Kinroad 200cc fjórhjól.**  
Verð kr. 175.000.-  
Eigum einnig kerrur undir fjórhjól.  
Verð kr. 29.900  
www.topdrive.is S. 869-2688 & 896-9319

**BÍLADJÓNUSTA**

**NICOLAI**  
**BIFREIDASTILLINGAR**  
Faxafeni 12 Sími 588-2455  
**Véla og hjólastillingar**  
**Tímareimar - Viðgerðir**

Bílakjallarinn S:5655310  
Stapahraun 11. Hf. Eigum varahl. í  
Toyota, Vw, Susuki og fl. Kaupi bíla til  
niðurrífs.

**Bílapartasalan AS S.565-2600**  
Skútahraun 15B. Honda, Mazda,  
MMC, Nissan, VW, Notaðir varahlutir  
í flestar gerðir bíla, kaupum bíla  
til niðurrífs.

**EINKAMÁL**

**EINKAMÁL**

Komdu og talaðu við mig í símann, og  
leiktu þér með mér, er einmanna \*\*\*\*  
9082020

**Hér fæst**  
**smáauglýsingin**  
**á aðeins 795,-**

**Smáauglýsingasími**  
**Blaðsins: 510-3737**



Blaðið/Steinar Hugli

# Lukkudýr, hagfræði og matarklúbbur

Hjá Jóni Ragnari Jónssyni, söngvara og knattspyrnumanni úr FH, verður nóg að gerast um helgina. „Á laugardag og sunnudag er ég að fara að leika Sprota, sem er lukkudýr Landsbankans, á hestasýningu í Víðdalnum. Sproti er einstaklega hress bjargvættur og vinur allra krakka,“ segir Jón sem hefur verið í hlutverki Sprota frá því í nóvember.

„Ég þarf líka að skrifa ritgerð um gengi íslensku krónunnar fyrir fag sem kallast haglýsing,“ segir Jón, en hann er á fyrsta ári í hagfræði í Háskóla Íslands. „Mér finnst afar leitt að krónan hafi veikt

um 10% á þessu ári. Sérstaklega í ljósi þess að ég er að fara til Bandaríkjanna í sumar og þá verður allt dýrara,“ segir Jón aðspurður um gengið. Hann segir námið ganga ágætlega en til stendur þó að breyta til og fara í háskóla í Boston næsta haust þar sem honum hefur verið boðinn skólalystyrkur.

**Matarklúbburinn Sissi Júl**

Jón hyggst gefa sér tíma fyrir fleira en nám og vinnu því á laugardagskvöld stendur til að sletta úr klaufunum. „Félagar mínir voru að koma heim eftir að

hafa verið í Suður-Ameríku undanfarna þrjú mánuði og þá er Pétur Óskar vinur minn líka á landinu en hann hefur dvalið við nám í Bandaríkjunum í vetur. Því stendur til að matarklúbburinn okkar „Sissi Júl“ hittist,“ segir Jón og útskýrir að klúbburinn sé nefndur í höfuðið á Sigþóri Júlíussyni, leikmanni Vals. „Mér skilst að það sé komið að Pétri að elda og ég á ekki von á öðru en að hann bjóði upp á einhverja dýrindis steik,“ segir hinn geðugi Jón að lokum.

**VESTURRÖST**  
**Hreindýrarifflar**  
**Mikið úrval**

Vesturröst  
Laugaveg 178  
S: 5516770  
www.vesturröst.is

**VESTURRÖST**  
**Tilboð á Byssuskápum**

- 6-10 byssu kr. 25,900,-
- 8-13 byssu kr. 37,900,-

Báðar gerðir með læstu innrahólf

Vesturröst  
Laugaveg 178  
S: 5516770

**HÚSNÆÐI**

**FASTEIGNIR**



**100% LÁN Á FASTEIGN Á SPÁNI**  
Vegna sérstaka aðstæðna býst íslendingum allt að 100% lán á fasteign á Spáni. Hafðu samband yes@internet.is eða 0034626300507

**ATVINNA**

**ATVINNA Í BÓÐI**

Sölumenn óskast Vegna aukinna umsvifa óskar Blaðið eftir sölumönnum í fulla vinnu. Um er að ræða skemmtilegt starf hjá fyrirtæki í örur vexti með skemmtilegu fólki. Góðir tekjumöguleikar fyrir gott fólk. Blaðið Bæjarlind 14-16 201 Kópavogi. Umsóknir sendist á atvinna@bladid.net

Auglýsingadeild 510-3744  
**blaðið**

**cold climates**

A touring exhibition of British, Finnish and Icelandic artists. Curated by George Doneo & Peter Lamb

Listamenn frá Finnlandi, Íslandi og Bretlandi ætla að einblína á hnattvæðingu í Nýlistasafninu á morgun.

## Hnattvæðing og líkamshlutar standa upp úr um helgina!

**Er hnattvæðingin að afmá þjóðlegt og menningarlegt sjálf okkar?**

Á morgun verður opnuð samsýningin Cold Climates í Nýlistasafninu sem leiðir saman listamenn frá Finnlandi, Íslandi og Bretlandi. Markmið hennar er að rannsaka hvaða áhrif alþjóðleg menningarsamskipti hafa á sköpun myndlistar í Bretlandi og í þeim tveimur löndum sem talist geta einangraðri Finnlandi og Íslandi, þó það sé umdeilanlegt. Er ástæða að óttast ofangreinda spurningu eða eru þessi samskipti hugmynda til menningarbóta? Sýningarstjórar sýningarinnar eru George Doneo og Peter Lamb. is

**Menn með mönnum í Borgarholtsskóla**

Hin árlega 12 spora ráðstefna AA deildarinnar verður haldin í Borgarholtsskóla í Grafarvogi um helgina. Yfirskrift ráðstefnunnar er: „Það er til laus!“ Fyrirlesararnir koma frá Bandaríkjunum og eru Kelvin D., Bob D. og Jim L. Ráðstefnan fer fram á ensku og dagskráin

hefst föstudagskvöldið 10. mars kl. 20. Athugið að mæta tímanlega og fara úr skónum við innganginn. Kaffisala og bóksala verður á staðnum. Aðgangur á ráðstefnuna er ókeypis og allir velkomnir. Nánari upplýsingar má finna á www.aa-efni.org/conference.

**Sjálfsmyndir af líkamshlutum)**

Í Hafnarhúsinu stendur yfir sýning á myndum John Coplans. Þema sýningarinnar er líkamshlutar, sjálfsmyndir. John Coplans fæddist í Bretlandi árið 1920. Listamaðurinn kom víða við á löngum ferli sínum og var meðal annars einn af stofnendum Art Forum tímaritsins. Hann stund- aði ljósmyndun og tók sjálfsmyndir frá 1980. John Coplans lést árið 2003.



**LJÓSBOGINN ehf.**  
Startarar og Altenatorar fyrir  
fólksbíla, vörubíla og vinnuvélar  
Einnig aðrir varahlutir  
**Erum fluttir í enn betra húsnæði að Bildshöfða 14**  
Verið velkomin  
**Ljósboginn, Bildshöfða 14 s: 553-1244**

300 spilapeningar, 2 spilastokkar og dealer button kit í fallegri tösku  
Verð: 3.990 kr.-  
**WWW.VERSLA.IS Hlíðarsmári 13S: 5666-999**